

31. ágúst 1976.

607

Nr. 330.

REGLUGERÐ

um Flensborgarskólann í Hafnarfirði, fjölbrautaskóla.

I. KAFLI

Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Flensborgarskólinn er fjölbrautaskóli á framhaldsskólastigi.

2. gr.

Það er markmið skólans að efla þroska nemenda sinna, veita þeim almenna menntun að loknu grunnskólanámi og búa þá undir þátttöku í lífi og starfi þjóðfélagsins og frekara nám í sérskólum eða háskólum.

3. gr.

Skólinn skal gefa nemendum kost á fjölbreyttu samvali bóklegra og verklegra námsgreina, er myndi mismunandi og mislangar námsbrautir í samræmi við meginmarkmið skólans. Gert skal ráð fyrir mislöngum námsferli innan hvernar námsbrautar, þannig að nemendur eigi þess kost á hverju námsári að ljúka skilgreindu námi er veiti þeim tiltekin námsréttindi eða tiltekna starfshæfni. Um fjölda námsbrauta og inntak þeirra skal ákvarða í námsskrá, sbr. 10. gr.

4. gr.

Skólinn og allar námsgreinar hans eru jafnt fyrir pílta og stúlkur.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólann.

5. gr.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar.

6. gr.

Nýir nemendur geta hafið nám hvort heldur er á haustönn eða vorönn. Skal sérstakur umsóknarfrestur auglýstur fyrir hvora önn, og er ekki skylt að taka til greina umsóknir sem berast eftir að hann rennur út. Umsóknir skulu ritaðar á sérstök eyðublöð, og skulu fylgja þeim þau gögn sem þar greinir.

7. gr.

Til að setjast í skólann þurfa nemendur að hafa lokið grunnskólanámi. Nánari inntökuskilyrði einstakra námsbrauta skulu vera hin sömu og gilda um sambærilegt nám í sérskólum.

8. gr.

Skólinn skal starfrækja sérstaka undirbúningsdeild fyrir nemendur sem hafa lokið grunnskólanámi, en uppfylla ekki inntökuskilyrði neinnar námsbrautar í skólanum. Samtímis námi sínu í undirbúningsdeild er þessum nemendum heimilt að leggja stund á einstaka námsáfanga í fjölbrautaskólanum sjálfum, þar sem undirbúningskortur þeirra kemur ekki að sök, og fá þeir það nám metið til stiga jafnt og aðrir nemendur. Nám í undirbúningsdeild veitir hins vegar ekki stig.

9. gr.

Skólastjórn getur veitt nemendum sem eru orðnir fullra 18 ára við innritun undanþágu frá setu í undirbúningsdeild.

III. KAFLI

Um námsbrautir, námsefni og kennslu.

10. gr.

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Námsbrautir eru skilgreindar sem samstæða tiltekinna áfanga er leiðir til tiltekinna námsloka. Áfangar miðast að jafnaði við 5 40 mínútna kennslustundir á viku í eina námsönn, og gefur hver staðinn áfangi ýmist 2 eða 3 námsstig eftir efnisinntaki og/eða þyngd. Námslok miðast ekki við tímalengd námsins, heldur við það annars vegar að tilteknum stigafjölda sé náð í heild, en hins vegar að lokið sé tilteknum áföngum í tilteknum námsgreinum. Í námsskrá sem menntamálaráðuneytið setur skal námsbrautum skólans lýst með því móti, að gerð sé grein fyrir inntaki allra námsáfanga allra námsbrauta og innbyrðis tengslum þeirra. Skal við það miðað að tveggja stiga áfangar nægi að mestu til námsloka á stuttum námsbrautum, sem miðast við eins eða tveggja ára meðal-námstíma. Þó skal nemendum á námsbrautum sem einungis krefjast tveggja stiga áfanga að jafnaði heimilt að taka þriggja stiga áfanga í staðinn, ef hans er völ og þeir uppfylla þær kröfur sem áfanginn sjálfur gerir um forkunnáttu.

11. gr.

Námsáfangar hverrar námsbrautar flokkast í námsbrautarkjarna og valfrjálsa áfanga. Öllum nemendum er skylt að ljúka námsbrautarkjarna, en valáföngum geta nemendur ráðið sjálfir, ýmist innan ramma ákveðins námsgreinaflokks eða frjálst innan marka námsskrár. Námsbrautarkjarni þeirra námsbrauta sem leiða til stúdentsprófs skal samsvara bæði kjarna og kjörsviði menntaskóla og skal námsefni hans vera í samræmi við reglugerð nr. 270/1974, um menntaskóla. Við ákvörðun annarra námsbrautarkjarna skal nán hliðsjón höfð af reglugerðum og námsskrám sem gilda um sambærilegt nám í sérskólum og framhaldsdeildum.

Auk náms í áföngum samkvæmt framansögðu skal öllum nemendum veitt nokkur þjálfun í vélritun. Ennfremur skal þeim séð fyrir íþróttaiðkunum við hæfi, og skal ætla til þess allt að 3 kennslustundum á viku allan námstímann.

12. gr.

Skólastjórn skal með nægum fyrirvara auglýsa hvaða áfangar verði að forfallalausu í boði næstu námsönn. Sú auglýsing er háð þeim fyrirvara að hæfur kennari fáist og nægilega margir nemendur óski eftir kennslu í áfanganum. Skal nemendafjöldi í bóklegum áfanga að jafnaði ekki fara niður fyrir 12 og í verklegum áfanga ekki niður fyrir 8. Menntamálaráðuneytið getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á, t.d. ef um er að ræða skylduáfanga seint á námsferli, þannig að niðurfelling hans gæti leitt til seinkunar á námslokum nemenda.

Óski fleiri nemendur en 25 eftir kennslu í sama áfanga í bóklegri námsgrein eða fleiri en 15 í verklegri námsgrein skal heimilt að skipta þeim í hópa, og skal miða hópastærð og hópafjölda við að meðalstærð námshóps í bóklegri grein verði sem næst 20—22 nemendur, en 10—12 í verklegri námsgrein.

13. gr.

Við upphaf náms síns í skólanum skulu nemendur velja sér námsbraut og gera sér námsáætlun og tiltaka þar hvaða áföngum þeir hyggist ljúka á hverri námsönn. Skulu kennarar og námsráðunautur aðstoða þá við gerð þessarar áætlunar og endurskoðun hennar, sem fram skal fara að lokinni hverri námsönn, um leið og nemendur velja sér þá áfanga, sem þeir ætla að stunda næstu önn.

14. gr.

Námsannir á hverju skólaári eru tvær, haustönn og vorönn. Haustönn hefst 1. september og lýkur 20. desember, en vorönn hefst 15. janúar og lýkur fyrir 25. maí. Skulu kennsludagar á báðum önnum vera jafnmargir, en þá skóladaga sem vorönn hefur umfram haustönn má nota til náms utan ramma venjulegrar stundatöflu, til heimsóknna á söfn og sýningar, til menningarstarfsemi, til skíðaiðkana, eða til annarrar starfsemi af svipuðum toga.

15. gr.

Gefa skal nemendum einkunn fyrir hvern námsáfanga. Skal sú einkunn byggjast á frammistöðu nemandans á kennslutímanum, vinnubrögðum hans við námið og á árangri á sérstöku prófi sem haldið er í annarlök. Skulu tveir fyrrnefndu þættirnir þó ekki metnir til einkunnar, nema lágmarksárangri sé náð á prófinu sjálfu. Tilkynna skal nemendum í upphafi annar hvernig hlutfalli einkunnabátta verði háttað. Til prófa í lok hverrar annar má verja allt að 12 starfsdögum skólans.

16. gr.

Einkunnir skulu gefnar í bókstöfum, A, B, C, D og E.

Einkunnin A merkir að nemandinn hefur staðist áfangann með mjög góðum árangri og öðlast rétt til hraðari yfirferðar á næsta áfanga. Sé einkunnin A gefin fyrir tveggja stiga áfanga getur nemandinn sótt um að halda áfram námi á þriggja stiga áfanga, sé hans völ, og sé á það fallist gefur fyrri áfanginn þá 3 stig. Skólastjórn skal setja reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og leita staðfestingar menntamálaráðuneytisins á þeim. Sé einkunnin A gefin fyrir þriggja stiga áfanga veitir hún rétt til hraðferðar, þ. e. að taka saman næstu tvo áfanga í greininni með sama kennslustundafjölda og venjulegur áfangi hefur.

Einkunnin B merkir að nemandinn hefur staðist áfangann með góðum árangri og má athugasemdalaust halda áfram næsta áfanga í greininni.

Einkunnin C merkir að nemandinn hefur staðist áfangann og má halda áfram næsta áfanga, en þyrfti að leggja meiri rækt við greinina.

Einkunnin D merkir að nemandinn hefur ekki öðlast nægan undirbúning til að halda áfram í næsta áfanga með sama námshraða. Nemandi sem fær D fyrir þriggja stiga áfanga getur haldið áfram námi í tveggja stiga áfanga sömu greinar, þar sem þess er kostur, og fær hann þá 2 stig fyrir áfangann. Nemandi telst heldur ekki fallinn þótt hann fái einkunnina D fyrir lokaáfanga í grein, meðan slíkar einkunnir verða ekki fleiri en 2, og skal veitt full stigagjöf fyrir slíka áfanga. Að öðru leyti fást ekki stig fyrir áfanga, sem einkunnin D er gefin fyrir, og þeir áfangar skulu aldrei teljast til staðinna áfanga samkv. 18. gr. Nemendum sem fá einkunnina D skal alltaf heimilt að endurtaka áfangann.

Einkunnin E merkir að nemandinn hefur fallið á áfanganum og þarf að endurtaka hann.

17. gr.

Kennarar skulu gefa einkunnir fyrir áfanga í samráði við deildarstjóra greinarnnar. Prófdómarar skipaðir af menntamálaráðuneytinu skulu hafa eftirlit með prófum eftir eðlilega lokaáfanga samkvæmt námsskrá, og ráða þeir prófseinkunn til jafns við kennara.

18. gr.

Til að öðlast rétt til að halda áfram námi við skólann skulu nemendur standast a. m. k. 3 áfanga fyrstu önn sína í skólanum, og a. m. k. 4 áfanga hverja önn eftir það. Skólastjórn setur nánari reglur um lágmarksstigafjölda sem nemendur þurfa að hafa náð eftir hverja námsönn, og þarf sá stigafjöldi ekki að vera hinn sami á öllum námsbrautum. Skulu þær reglur við það miðast að 11 annir séu hámarksnámsstími til stúdentsprófs, en hámarkstími til náms á öðrum námsbrautum fari aldrei meira en 50% fram úr eðlilegum meðalnámstíma. Námsstími í undirbúningsdeild reiknast ekki með námstíma að þessu leyti.

19. gr.

Nemandi telst hafa lokið prófi þegar hann hefur öðlast tilskilinn stigafjölda og staðist alla þá áfanga sem krafist er til námsloka, sbr. þó ákvæði 16. gr. um einkunnina D fyrir lokaáfanga. Skal hann fá skírteini sem tilgreinir:

- a) námsbraut nemandans og heiti prófsins
- b) námstíma nemandans í skólanum
- c) námsferil nemandans, þ. e. stigafjölda hans í heild og einkunn hans fyrir hvern einstakan námsáfanga.

Ekki skulu reiknaðar út neinar meðaleinkunnir, hvorki í einstökum námsgreinum né fyrir prófið í heild.

Við lok hverrar námsannar skulu nemendur einnig fá vottorð um námsárangur á önninni, þar sem fram skal koma hversu miklum hluta áætlaðs náms sé lokið og hve mikill hluti þess sé eftir. Hverfi nemendur úr skólanum án þess að ljúka námi eiga þeir rétt á að fá yfirlitsskýrslu um námsferil sinn þann tíma sem þeir hafa verið í skólanum, þar sem fram komi hvaða áföngum þeir hafi lokið og með hvaða einkunn og hver stigafjöldi þeirra sé orðinn í heild.

20. gr.

Skólastjórn getur heimilað nemendum að taka próf í einstökum námsáföngum án tímasóknar. Skal þetta einkum koma til greina ef nemendur eiga lítið eftir að námi sínu og geta flýtt fyrir námslokum með þessu móti eða þeir hafa náð mjög góðum námsárangri á næstu önn á undan. Skal skólastjórn setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og leita staðfestingar menntamálaráðuneytisins á þeim.

21. gr.

Umsóknir um að stunda nám utanskóla skulu berast skólastjórn í síðasta lagi þremur vikum eftir upphaf annar. Utanskólanemendur skulu skila heimaritgerðum og öðrum veigamiklum verkefnum eins og reglulegir nemendur, og þeim er skylt að sækja verklegar kennslustundir.

22. gr.

Heimilt er skólastjórn að meta nám í sérskólum eða á viðurkenndum námskeiðum til stiga.

IV. KAFLI

Um starfslið skólans.

23. gr.

Skólinn skal vera svo vel búinn starfsliði að hann geti rækt þær skyldur er lög og reglugerð þessi mæla fyrir. Í því augnamiði skal auk skipaðs skólameistara og kennara ráða í eftirtalin störf m. a.:

A. Umsjónar- og ráðgjafarstörf.

1. Aðstoðarskólastjóri skal ráðinn til fimm ára í senn úr hópi fastra kennara á framhaldsskólastigi, og skal starfið áður hafa verið auglýst. Endurráðning er heimil. Við ráðningu aðstoðarskólastjóra skal taka tillit til starfsreynslu umsækjenda auk annarra verðleika. Skólameistari og skólanefnd Hafnarfjarðar skulu veita umsögn um umsækjendur.

Aðstoðarskólastjóri skal vera staðgengill skólameistara og honum til aðstoðar við daglega stjórn skólans, skýrsluhald, gerð stundaskrár og próftöflu og framkvæmd kennslu og prófa. Um nánari verkaskiptingu milli skólameistara og aðstoðarskólastjóra fer eftir erindisbréfi, sem menntamálaráðuneytið setur.

2. Bókavörður hefur umsjón með bóka- og námsgagnasafni skólans og lestrar-sölum. Hann annast skráningu bókasafnsins og sér um að halda því í röð og reglu og annast innkaup á bókum í samráði við skólameistara og deildarstjóra. Hann leiðbeinir nemendum um, hvernig þeir geti sem best hagnýtt sér safnið.

3. Deildarstjóra skal ráða í greinum eða greinaflokkum sem kenndar eru 40 stundir á viku hið minnsta. Skal þess gætt að allar kennslugreinar skólans falli undir einhvern deildarstjóra.

Deildarstjóri skal ráðinn til tveggja ára í senn úr hópi fastra kennara við skólann. Endurráðning er heimil. Við ráðningu í deildarstjórastarf skal taka tillit til menntunar og annarra verðleika. Skólameistari ræður deildarstjóra að höfðu samráði við kennara í deildinni og með samþykki menntamálaráðuneytisins og skólanefndar Hafnarfjarðar.

Deildarstjóri hefur umsjón með kennslu, námsefni og kennslutækjum í þeim greinum, sem falla undir deildarstjórn hans. Hann velur kennslubækur og ákvarðar yfirferð námsefnis á hverjum námsáfangi í samráði við aðra kennara og sker úr, ef ágreiningur verður. Hann hefur samráð um námsefni og kennsluaðferðir við aðra deildarstjóra skólans, við deildarstjóra í sömu greinum við aðra hliðstæða skóla og gerir tillögur um breytingar á námsskrá. Deildarstjóri skal fylgjast með því að snyrtilega sé farið með efni og tæki í verklegum æfingum og við aðra kennslu. Deildarstjóri er skólameistara til ráðuneytis við ráðningu kennara til deildarinnar og við verkefnaskiptingu milli kennara deildarinnar.

Deildarstjóri skal í lok hverrar annar semja skýrslu um starfsemi deildarinnar á önninni og gera, ásamt samkennurum sínum í deildinni, áætlun um starfsemi deildarinnar næstu kennsluönn. Skal hann leggja áætlun þessa fyrir skólameistara og gera í samráði við hann ráðstafanir í tæka tíð til að kennarar séu búnir undir að framkvæma hana. Deildarstjóri skal halda reglulega fundi með kennurum sínum og vera þeim til ráðuneytis um kennsluhætti.

Deildarstjóri hefur fastan viðtalstíma a.m.k. eina stund á viku, starfsmánuði skólans. Á sumrum skal hann svara fyrirspurnum nemenda um námstilhögun í námsgrein sinni.

4. Námsráðunautur liðsinnir nemendum við val á námsbraut og námsáföngum hverrar námsannar, svo og um einkamál sem námið varða. Hann fer með hvert erindi sem undir hann er borið og þá vitneskju sem hann öðlast í starfi sínu í sam-

tölum við nemendur sem algjört trúnaðarmál. Hann er ráðunautur kennara um vandamál nemenda, og skulu kennarar leita til hans ef nemandi sækist námið vonum seinna eða nemandi semur sig ekki að háttum skólans. Í samráði við skólameistara hefur námsráðunautur samband við vandamenn nemenda, sem eiga í örðugleikum með nám og skólavist.

Námsráðunautur er skólameistara til ráðuneytis um þau efni sem varða námsmat í skólanum og kannar og metur próf og einkunnagjöf með fræðilegum hætti. Hann er og kennurum til ráðuneytis um gerð prófa. Námsráðunautur situr fundi skólastjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Hann skal vera til viðtals fyrir nemendur og kennara eftir samkomulagi.

Námsráðunautur skal vera uppeldis- eða sálfræðingur og jafnframt hafa nokkra reynslu af kennslustörfum. Séu ekki tók á að fá slíkan mann til starfa má til bráðabirgða ráða reyndan kennara til að gegna starfinu að nokkru eða öllu leyti.

5. **Félagsmálastjóri** skal ráðinn úr hópi fastra kennara við skólann. Hann skal vera nemendum til aðstoðar við félagsstörf og annast af skólans hálfu fyrirgreiðslu um framkvæmd þeirra. Hann hlutast til um skipulagningu félagsstarfsins svo að ekki valdi árekstrum, m. a. varðandi nýtingu húsnæðis, og sér fyrir umsjón og eftirliti með þeim samkomum nemenda sem fram fara í húsakynnum skólans eða á hans vegum annars staðar. Hann skal einnig aðstoða nemendur við fjárhagsáætlanir og fjárreiður vegna félagslífs þeirra.

Skólameistari ræður félagsmálastjóra til allt að tveggja ára í senn með samþykki menntamálaráðuneytisins og skólanefndar Hafnarfjarðar.

B. Störf í skrifstofu.

1. **Fulltrúi** skal vera skólameistara og aðstoðarskólastjóra til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum sem unnin eru í skrifstofu skólans og annast þau eftir því sem við verður komið. Hann sér einnig um það reikningshald sem skólinn hefur sjálfur með hendi og annast þær fjárreiður, sem um skrifstofu skólans fara. Um aðra skrifstofuaðstoð fer eftir mati skólameistara, menntamálaráðuneytisins og skólanefndar Hafnarfjarðar.

C. Önnur störf.

1. **Húsvörður** hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörslu, ræstingu, ljósi og hita og annast eftirlit með lóð skólans og hirðingu hennar.

2. **Gangaverðir** skulu hafa eftirlit með umgengni nemenda um skólahúsið og sjá um að þeir hlýði settum reglum.

3. **Tækjavörður** skal aðstoða við verklega kennslu og hafa umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörslu í samráði við deildarstjóra. Hann skal sjá um viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

Fela má sama starfsmanni að gegna fleiru en einu þeirra starfa sem talin eru upp í liðum A—C hér að framan.

24. gr.

Skólameistari skal skipaður í embætti af forseta Íslands. Aðstoðarskólastjóri, fastir kennarar og aðrir uppeldislegir starfsmenn skólans skulu skipaðir af menntamálaráðuneytinu að fenginni umsögn skólameistara og skólanefndar Hafnarfjarðar, nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð þessari. Annað starfsfólk skal ráðið með sama hætti og tíðkast við aðra skóla Hafnarfjarðarkaupstaðar. Tölu fastra kennara skal við það miða að eigi komi fleiri en 20 nemendur á hvern þeirra.

Skólameistari ræður stundakennara með samþykki skólanefndar.

25. gr.

Þá eina má skipa kennara í bóklegum greinum, er lokið hafa háskólaprófi í þeim aðalgreinum, er þeir eiga að kenna. Þeir sem lengri hafa eðlilegan námstíma ganga fyrir, ef umsóknir eru sambærilegar að öðru leyti. Kennarar í verklegum greinum skulu fullnægja skilyrðum til kennsluréttinda í sambærilegum sérskólum. Kennarar skulu hafa próf í uppeldis- og kennslufræðum.

Undanþágu frá þessum ákvæðum má veita, ef sérstaklega stendur á.

26. gr.

Hverjum kennara er skylt að hafa umsjón með hópi 22—28 nemenda, eftir því sem skólameistari ákveður í upphafi skólaárs. Umsjónarkennarar skulu fylgjast vel með námsferli skjólstæðinga sinna, leiðbeina þeim um námsval í samráði við námsráðunaut og vera talsmenn þeirra gagnvart öðrum kennurum og yfirstjórn skólans. Umsjónarkennarar skulu gera sér sérstakt far um að efla félagsleg tengsl innan hópsins og stuðla að samstöðu hans. Umsjónarkennarar fá allt að 2 kennslustundir á viku til samskipta við hópinn og skulu þær notaðar til nauðsynlegrar upplýsingastarfsemi, en einnig til að ná félagslegum markmiðum starfsins. Skólastjórn skal setja umsjónarkennurum sérstakar starfsreglur og leita staðfestingar menntamálaráðuneytisins á þeim.

27. gr.

Allir fastir kennarar skólans skulu hafa viðtalstíma einu sinni í viku. Deildarstjórar og aðrir kennarar, sem hafa sérstakan viðtalstíma vegna starfs síns, skulu hafa þann viðtalstíma til viðbótar viðtalstíma samkvæmt þessari grein.

V. KAFLI

Um stjórn skólans.

28. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans, en hann er rekinn í sameiningu af ráðuneytinu og Hafnarfjarðarkaupstað, í samræmi við ákvæði samnings milli aðila frá 22. apríl 1975. Skal um verkaskiptingu milli rekstraraðila gilda hið sama og um aðra skóla sem þeir reka sameiginlega, en um kostnaðarskiptingu fer eftir ákvæðum samningsins. Skólanefnd Hafnarfjarðar sér um reikningshald fyrir skólann og annast fjárreiður hans.

29. gr.

Skólastjórn er skólameistari og skólaráð undir forsæti hans. Skólaráð skipa aðstoðarskólastjóri, 2 fulltrúar kennara, kosnir á almennum kennarafundi, og 2 fulltrúum nemenda, og hafa þeir allir jöfn réttindi. Fulltrúar nemenda og kennara skulu kosnir til eins árs í senn.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann, einstaklingsbundnar umsóknir þeirra, svo sem um flutning milli bekkja og frestun prófa, agabrot nemenda, svo og önnur málefni skólans, sem ekki eru sérstaklega falin skólameistara einum eða almennum kennarafundi í þessari reglugerð.

Skólastjórn skal halda reglulega fundi á starfstíma skólans. Rísi ágreiningur í skólastjórn, ræður meiri hluti atkvæða. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði skólameistara. Haldin skal gerðabók um fundi skólastjórnar.

Skólastjórn getur falið skólameistara að annast, á þeim tíma árs er skólinn starfar ekki, afgreiðslu mála, er undir skólastjórn falla.

30. gr.

Skólameistari er oddviti skólastjórnar og hefur yfirumsjón með starfsemi skólans, húsum hans og munum, og rekstri öllum, að svo miklu leyti sem skólanefnd Hafnarfjarðar fer ekki með þau mál. Hann skal hafa forystu um uppeldishlutverk skólans og bera ábyrgð á því að öll starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrár og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann hefur yfirumsjón með námi og kennslu í skólanum og öðru samstarfi nemenda og kennara og skal eftir föngum hafa eftirlit með því að kennarar og aðrir starfsmenn skólans ræki skyldu sína.

Skólameistari skal með aðstoð kennara og námsráðunauts fylgjast sem best með framförum, hegðun og iðni nemenda og kynna sér eftir föngum hagi hvers þeirra um sig, gáfur og skaplyndi. Skylt er honum að gefa skýrslu um framfarir og hegðun nemanda ef forráðamenn hans óska þess. Þá ber honum og að hlutast til um að forráðamanni sé tilkynnt ef nemandi vanrækir námið eða brýtur reglur skólans og skipast ekki við áminningar.

Kennsluskylda skólameistara skal vera 6 stundir á viku. Menntamálaráðuneytið getur þó minnkað kennsluskylduna ef sérstaklega stendur á. Eftir 55 ára aldur er skólameistara ekki skylt að kenna. Kennsla skólameistara umfram skyldu er háð samþykki menntamálaráðuneytisins fyrir hverja námsönn.

31. gr.

Almennur kennarafundur fjallar um mál er varða breytingar á námsskipan og kennsluháttum og um almennar ákvarðanir varðandi tilhögun prófa og námsmat. Skal jafnan leita álits kennarafundar áður en teknar eru veigamiklar ákvarðanir í slíkum efnum. Skólastjórn getur og ákveðið að skjóta öðrum málum til umsagnar kennarafundar. Kennarafundur getur á sama hátt vísað málum til endanlegrar afgreiðslu skólaráðs eða deildarstjórafundar.

Kennarafundur kys við upphaf hverrar haustannar 2 fulltrúa til setu í skólastjórn og er kjörtímabil þeirra tvær annir í senn. Endurkjör er heimilt.

Skólameistari boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Skylt er að halda kennarafund ef þriðjungur fastra kennara óskar þess eða fulltrúar kennara í skólastjórn.

Skylt er föstum kennurum að sækja kennarafundi að forfallalausum, enda séu fundirnir haldnir í eðlilegum starfstíma skólans og boðaðir í tæka tíð. Stundakennurum er skylt að sækja fundi, ef skólameistari óskar þess, enda hafi þeir þá atkvæðisrétt.

Rétt til að sitja kennarafundi hafa auk kennara námsráðunautur, félagsmálastjóri og bókavörður.

Skólameistari undirbýr að jafnaði mál er fyrir kennarafund koma, en öllum sem seturétt eiga á fundinum skal heimilt að leggja þar fram mál. Skólameistari sér um að samþykktum kennarafunda sé komið á framfæri við rétta aðila, nema fundurinn ákveði að hafa annan hátt á. Halda skal gerðabók um kennarafundi.

32. gr.

Í skólanum skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn og henni til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kys tvo fulltrúa í skólaráð, sbr. 29. gr. Almenn samtök nemenda í skólanum setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólastjórnar og staðfestingu menntamálaráðuneytisins. Skal þess gætt, að slíkar reglur séu þannig úr garði gerðar, að tryggt sé eftir föngum jafnrétti nemenda til áhrifa á val fulltrúa í nemendaráð.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

33. gr.

Um önnur atriði en þau sem fjallað er um í reglugerð þessari skulu gilda ákvæði í reglugerð nr. 270/1974 um menntaskóla og reglugerðum um framhaldsdeildir og sérskóla, að því er hliðstæðar námsbrautir varðar, og eftir því sem við getur átt. Þannig skulu m. a. gilda ákvæði menntaskólareglugerðar um reglu og aga.

34. gr.

Reglugerð þessa skal endurskoða þegar breytingar verða gerðar á námsskipan framhaldsskólastigsins almennt til samræmis við þær breytingar.

VII. KAFLI

Gildistaka.

35. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 14/1973 um fjölbrautaskóla og ákvæð- um 7. gr. í samningi menntamálaráðuneytisins og Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 22. apríl 1975. Reglugerðin öðlast gildi 1. september 1976. Nemendum sem hófu nám í skólanum á framhaldsskólastigi fyrir 1. september 1975 skal þó gert kleift að ljúka námi samkvæmt fyrri námsskipan.

Í menntamálaráðuneytinu, 31. ágúst 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld við byggðar götur í Þorlákshöfn.

1. gr.

Húseigendur og lóðarhavar í Þorlákshöfn skulu greiða til sveitarsjóðs Ölfus- hrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slit- lagi og til lagningar gangstétta.

Gjaldið nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í vísitöluhúsi eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands á hverjum tíma, sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3.0%
Raðhús	2.0%
Fjölbýlishús	1.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	3.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atv.húsn.	1.5%
Opinberar byggingar	3.0%
Bífreiðageymslur	3.0%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhavar greiða gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar og er það verð miðað við byggingarvísitölu 1881 stig.